



Aðalheiður Jóhannsdóttir

Ritstjóri

Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004

LAGAÐEILD

# RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVISINDUM V

Háskólaútgáfan  
2004

Aðalheiður Jóhannsdóttir

Ritstjóri

Bríndi Flutt á ráðstefnu í október 2004

LAGAÐEILD

RANNSÖKNIR Í  
FEIAGSVISINDUM V

# Er sjálfbær þróun lagalegt hugtak?

Aðalheiður Jóhannsdóttir

1. Inngangur

Þitt af lýkilhugtökum umhverfisstærta er sjálfbær þróun. Hugtakið er í

seinn hvetjandi og jákvætt en að sama skapi órætt og ekki vel afmarkað. Meðal annars hefur komið fram sú gagnrýni á hugtakið að hver sem er geti haldið því fram að öll þróun sé eða geti verið sjálfbær.<sup>1</sup> Þetta hefur m.a. í för með sér þau augljósu vandkvæði að þeir grundvallarþættir sem felast í hugtakinu koma e.t.v. aldrei til framkvæmda og sjálfbær þróun hefur oft fengið stöðu einskonar „megafrasa“ sem margir nota og vísa til án þess að

gera sér grein fyrir hvað um er að ræða. Að fjalla um sjálfbæra þróun er þar að auki eins og að bera vatn í bakkafullan lækinn því mikið og fjölbreytt efnis er fyrirbyggjandi um þessa þróun, á morgunum tungumálum og í margvíslegu samhengi.<sup>2</sup> Hvað er meira hægt að segja um sjálfbæra þróun? Það sem

kannski kemur mest á óvart er að margir sem fjallað hafa um sjálfbæra þróun og tengsl hugtaksins við lög virðast vera sammála um það eitt að óljóst er hvað sjálfbær þróun felur í sér að þessu leyti. Einnig er því fram haldið af sumum að ótímabært sé að fjalla um sjálfbæra þróun í lagalegu samhengi, eða fjalla um lagalega stöðu sjálfbærrar þróunar,<sup>3</sup> þ.e.a.s. á annan hátt en þann að vísa til sjálfbærrar þróunar í lagatekta eins og gert hefur verið hér á landi, án

ýtarlegra útskýringa og ofræst engra.

Nokkrir fræðimenn sem um sjálfbæra þróun hafa fjallað leggjá áherslu á Ríó-yfirlýsingu<sup>4</sup> og þær meginreglur sem þar eru að finna.<sup>5</sup> Aðrir leggjá

\* Sérstakur þakktir fa þau María Thegill forstöðumaður Lagastofnunar H.L. og Róbert R. Spánó dósent við lagadeild H.L. sem veittu ómetanlega aðstoð á meðan ritgerðin var í undirbúningi.

1 Sjá t.d. M. Jacob, bls. 21, og einnig kafla. 3.4.

2 Í þessu sambandi er bent á nýleggið af umhverfisstærtauneytun 2002. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnuorkun til 2020.

3 Þessu til stuðnings er bent á vangraveltur P. Birnie og A. Boyle, einkum er bent á bls. 44-47. Sjá einnig K. Bosselmann, bls. 81-96 og t.d. J. H. Jans, bls. 8-9 og 16-23. Loks er bent á S. Westerlund og bók hans: En hållbar rättsordning rättsvetenskapliga paradigmet och tankevärdor, svö og S. Westerlund i Miljöförätsliga grundfrågor 2.0, t.d. bls. 23 et seq.

4 A ensku: Rio Declaration of Environment and Development. Íslenska þýðingun er að finna í Alþr. 1993-1994, A-deild, þskj. 1182, bls. 5053-5057 og verður stuðst við hana í ritgerðinni. Tíll yfirlýsing ræðstefnu Sameinuðu þjóðanna um

áherslu á að taka verið síðferðilega ástsöðu til nokkurtu grundvallarþátta sem hljóta að vera tengdir sjálfbærri þróun eða eru hluti af henni og í ljósi þeirra beri að þróa áherslur framúðarinnar.<sup>6</sup> Einn aðrir halda því fram að sjálfbær þróun hafi öðlast stöðu þjóðrettarvenju,<sup>7</sup> þótt erlitt sé að henda reiður á innihald réttarvenjunnar.

Þrátt fyrir ofangreinda óvissu er nú vísað til sjálfbærar þróunar í löggjöf margra ríkja.<sup>8</sup> Sjálfbær þróun er þáframt útfærð í ýmsum fjölpjöðlegum samningum<sup>9</sup> og dómframkvæmd alþjóðlegra dómstóla.<sup>10</sup> Það sem þessar réttarheimildir eiga sameiginlegt er að skýringar á inntaki sjálfbærar þróunar eru af skortnum skammti þótt finna megi undanrækingar hér á eins og vikið verður að síðar í kafla 3.6. Þáframt koma fram athyglisverðar upplýsingar um sjálfbæra þróun og innihald hugtakans í nýlegri yfirlýsingu sem kennd er við Jóhannesarborgr<sup>11</sup> eins og ég mun vika lítillega að í kafla 2.3.

Þáttur og fólk skulu vinna saman í góðri trú og í anda samstarfs til að uppfylla þær grundvallarreglur sem settar eru fram í þessari yfirlýsingu og við frekari þróun alþjóðalaga á sviði sjálfbærar þróunar.<sup>12</sup>

Hér er að sjálfsgöðu á ferðinni „endalaust“ verkefni, þ.e.a.s. ef gengið er út frá því að hér sé um annars konar þróun að ræða en endranær og nýja nalgun, t.d. við nýtingu og varðveislu náttúruauðinda, svo og ákvarðanatöku þar að lítandi.

---

umhverfi og þróun í Rio de Janeiro. Öfrast er vísað til Ríó- yfirlýsingarinnar í daglegu máli og verður sú tilvísun notuð í þessari ritgerð.

5 Sjá t.d. A. Boyle og D. Freestone, bls. 3 et seq.

6 Sjá t.d. M. Stenmark, bls. 131-135. Einnig má benda á K. Bosselmann, bls. 82 et seq.

7 P. Taylor, bls. 123-128. Rökstuðningur hennar er þó ekki ákvarðandi.

8 Sjá t.d. I. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Úr landslögum nágrannaríkjanna má nefna § 1 í I. kafla sennsaka umhverfisbálksins 1998:808 (Milljöbalk) og grein 110b í norskum sýðnarstærni.

9 Sbr. t.d. rannmasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, auglýsing nr. 14/1993 í C-dælið Sýðnarvöldna. Einnig er vísað til sjálfbærar nokkunar í 2. gr. samnings um líffræðilega fjölbreytni, auglýsing nr. 11/1995 í C-dælið Sýðnarvöldna.

10 Gabclikovo-Nagyvaros-framkvæmdin, Ungverjaland gegn Síðvaknu. Skýrslur Alþjóðadómstólsins í Haag 1997, bls. 7-88.

11 The Johannesburg Declaration on Sustainable Development: From our Origins to our future. [www.un.org/esa/sustdev/documents/WSSD\\_POI\\_PD/English/POI\\_PD.htm](http://www.un.org/esa/sustdev/documents/WSSD_POI_PD/English/POI_PD.htm), heimsótt 6. ágúst 2004.

12 Alþ. 1993-1994, A-dælið, þskj. 1182, bls. 5057.

## 1.1 Markmið greinarmat

Megnimarkmið eftirfarandi ritgerðar er að gera grein fyrir hugtakinu

sjálfbær þróun og kynna til sögunnar kenningar og skýringar nokkurra

fræðumanna en þær varpa e.t.v. einhverju ljósi á hvernið og á hvaða

forsendum lagareglur verði mótaðar eða gildandi reglum betri viðleitni

að stuðla að sjálfbærri þróun. Hér á ég við fræðimennina Klaus Bosselmann,

Jonas Ebbesson, Merle Jacob, Philippe Sands, Christopher Weeramanay og

Staffan Westerlund. Þessir fræðimenn nalgast hugtakið á öllkan hátt. Sérhver

þeirra beinir spjótum sínum að ákveðnu sjónarhorni þótt öll hafi þau sama

eða sambærilegan útgangspunkt, í stórum dráttum þann sem Bruntdand-

skýrslan byggir á og kynntur verður í kafla 2.1. Þau vinna öll með spurningar

sem tilheyra umhverfisrétti eða varða forsendur sem geta haft áhrif á hvort

mögulegt sé að koma virkri umhverfisvernd til framkvæmda. Að þessari

umfjöllun lokinni verður reynt að svara þeirri spurningu hvort krata um

umhverfisvernd felist í sjálfbærri þróun, sbr. umfjöllun í kafla 4. Fyrst verður

þó fjallað almennar um sjálfbæra þróun og lög og að því loknu verður vikið að

hugtakinu eins og það birtist í svokallaðri Bruntdand-skýrslu sem út kom árið

1987 og stuttlega gerð grein fyrir Ríó-yfirlyfisngunni frá 1992 og þeim

skjöllum sem samþykkt voru í Jóhannesarborg 2002.

## 1.2 Sjálfbær þróun og lög

En hvað hefur sjálfbær þróun að gera með lög? Einn höfuðtilgangur laga

(alþjóðlegra jafnt sem laga tiltekna ríkja) er að hafa áhrif á hegðun og

breytni þeirra sem þeim er beint að, sem eru ríki, alþjóðlegar stofnanir,

einstaklingar og lögaðilar eftir atvikum hverju sinni. Lagasetning er sömu-

leiðis áhrifarík aðferð til þess að koma tiltekinni stefnu sjónvalda til

framkvæmda.<sup>13</sup> Þetta er yfirleitt gert með þeim hætti að lagðar eru á tiltekna

skilytur, eða veitt eða vernduð eru tiltekin réttindi, allt með lögum.<sup>14</sup>

Einungis er vert að hafa í huga 11. meginreglu Ríó-yfirlyfisngarinnar en í

henni segir:

<sup>13</sup> Sbr. t.d. G. Högberg, bls. 201-215, en hún fjallar um lög sem útræði til þess að koma stefnumörkun í umhverfismálum til framkvæmda.  
<sup>14</sup> Til dæmis má nefna að aukin áhersla á þátttöku almennings, félaga og félagsasamtaka í ákvarðanatöku er talinn einn liður í þeirri viðleitni að vinna að sjálfbærri þróun, sbr. Dagskrá 21, kafla 23.2. <http://habitarat.igc.org/agenda21/index.html> heimsótt 6. ágúst 2004. Hins vegar er rétt að hafa í huga að almenn þátttaka almennings verður yfirleitt ekki tryggð nema ákveðnar lagabreytingar eigi sér stað. Sjá nánar Aðalheiði Jóhannsdóttur: Samtímast íslensk lög 6. gr. Aðsáttmáningssins, bls. 222-224.

Ríki skulu koma á virki umhverfislöggjöf. Umhverfisstærðir stöðunarmarkmið og forgangsröðun skulu taka mið af því umhverfis- og þróunarstærðir sem við á hverju sinni. Stærðir, sem setur eru í sumum löndum, koma að vera óviðeigandi og hafa í för með sér órettmætan kostnað eða felagslega röskun í öðrum löndum, einkum í þróunarlöndum.<sup>15</sup>

Lykilorðin hér eru að sjálfsgöðu virk umhverfislöggjöf.<sup>16</sup> Að þessu sinni mun ég ekki fjalla sérstaklega um þetta atriði en tel rétt að undirstrika að til þess að ná þeim markmiðum sem sjálfbær þróun stefnir að og við útfærslu meginreglunnar þarf í einhverjum tilvikum að setja ný lög svo að sjálfbærri þróun verði raunverulega náð. Í öðru lagi þarf umhverfislöggjöfina að vera þannig úr gæði gert að þessar reglur vilki ekki fyrir öðrum mikilvægum meginreglum (eða hagsmunum) í tilteknum réttakerfum ef á reynir; m.ö.ö. tryggja þarf ákveðinn skýrleika efnisreglnanna og einnig tiltekna réttarhöf í réttakerfunum. Til dæmis kann að vera nauðsynlegt að stjórnastrákerfja rétt til umhverfis af ákveðnum gæðum og tryggja ákveðin umhverfissgæði, t.d. líffræðilegan fjölbreytileika. Svipuð sjónarmið eiga við um alþjóðlega stefnu- mörkun. Alþjóðleg samningsgerð getur stundum verið einnig raunhæfa úrræðið svo ná megi tilteknum alþjóðlegum markmiðum og árangri þótt varla verði sagt að sú aðferð skili árangri hvar.

Kjótö-bókunin við rammáttækt Samnefndu þjóðanna um loftslags- breytingar<sup>17</sup> er ágæt dæmi um útfærslu á nokkrum alþjóðlegum markmiðum sjálfbærrar þróunar, t.d. á meginreglunni um jöfnuð innan kynslóða (intra generational equity)<sup>18</sup>. Reglur bókunartinnar miða auk annars að því að jafna stöðu ríkja og fátækari ríkja í ljósi sögulegra staðreynda og í bókuninni er það gert á þann hátt að setja takmarkanir á útsreymi gróðurhúsalofttegunda frá ríkjum sem eru betur sett efnahagslega með það að markmiði að gefa öðrum ríkjum, þ.e. þeim fátækari, tæknifærri til þess að iðnvæðast án þess að sú þróun sé of kostnaðarsöm fyrir þau. Þessi aðferð endurspeglar samþmis megin- regluna um sameiginlega en misjafna ábyrgð ríkja hvað varðar lausn ýmissa umhverfisvandamála<sup>19</sup> sem hvílir m.a. á sögulegum staðreyndum. Hitt er svo

<sup>15</sup> Alþr. 1993-1994, A-deild, þskj. 1182, bls. 5055.

<sup>16</sup> Á ensku: effective environmental legislation.

<sup>17</sup> Alþr. 2001-2002, A-deild, þskj. 1100, bls. 5115-512. Þingskjalinu fylgir enskur og íslenskur texti.

<sup>18</sup> Þessi meginregla er ein af grundvallarstöðum sjálfbærrar þróunar. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.

<sup>19</sup> Sjá nánar meginreglu 7 í Ríkis- og fjárfestingunni. Alþr. 1993-1994, A-deild, þskj. 1182, bls. 5054 og kafla 4.

annað að þessi nálgun ein og sér veitir takmarkaða umhverfisvernd hnattrænt séð, einkum og sér í lagi þegar um er að telja umhverfisvandamal eins og breytingar á loftslagi og veðurfarari vegna eðlis þeirra. Hún getur hins vegar verið áhrifaríkt styrkileiki í þeirri viðleitni að ná umhverfismarkmiðum þegar þau hafa verið skilgreind.<sup>20</sup>

Loks má nefna nokkur dæmi úr Evrópuþétt. Samningurinn um Evrópu-sambandið (ESB) og samningurinn um Evrópuubandalagið (EB) byggja m.a. á meginreglunni um sjálfbæra þróun. ESB hefur að markmiði að vinna að efnahags- og þjófrelagslegum framförum og sjálfbærri þróun.<sup>21</sup> Auk þessa hefur ESB sjálfbæra þróun að markmiði,<sup>22</sup> og sérstaklega er tekið fram í EB-samningnum að samþætta þeir ktöfur sem lúta að umhverfisvernd við skilgreiningar og frammkvæmd stefnu EB í öllum málaflokkum.<sup>23</sup> Margar nýjar og nýlegar EB-gerðir sem á einn eða annan hátt varða umhverfismál endurspeglja markmiðið um sjálfbæra þróun á þann hátt að lagðar eru nýjar skýldur á aðildarríkin og þeim gert skýlt að tryggja að einstaklingar og lögreglur getu notið ákveðinna réttinda.<sup>24</sup>

I aðfararöðum samningsins um Evrópska efnahagsssvæðið (EES)<sup>25</sup> er sérstaklega vísað til þess að samningsaðilar einsefji sér að varðveisla, vernda og bæta umhverfið og að nýta náttúruauðlindir af varuð og skynsemt, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og við móðun nýrra reglna verði strangar ktöfur lagðar til grundvallar.<sup>26</sup> Þar að auki eru helstu EB-gerðir sem varða umhverfisvernd hluti af EES-samningnum, fyrst og fremst í samræmi við 74. gr. hans, sbr. og XX. viðauka samningsins.

20 Sbr. Aðalheiði Jóhannsdóttur, Alþjóðlegar skuldbindingar um loftslagsbreytingar og íslenskur réttur. Umfjöllun með áherslu á útstremjshéimildir og viðskipti með þer.

21 Sjá nánar aðfararöð EESB samningsins, svo og 2. gr. hans.

22 Sbr. 2. gr. EB samningsins.

23 Sjá sérstaklega 6., sbr. 3. gr. samningsins. Hér er á ferðinni mikilvægt atriði sem ekkí er hægt að gera betri skil að svo stöddu. Tilfærsla á efnisreglu 6. gr. EB-samningsins, sem var áður hluti af 2. mgr. 130r. gr. eins og greinin hljóðaði eftir Maastricht-breytingunum en er nú í upphafi samningsins, hefur í för með sér grundvallarbreytingu á lagalegri stöðu umhverfismála innan EB. Sjá einnig, t.d. J. H. Jans, og umfjöllun hans um samþættingu í EB-rétt (principle of integration), bls. 17-23.

24 Í dæmaskipti eru tveir tilskipanir nefndar, tilskipanir 3/35/EB og 3/87/EB. Sú fyrri er inleidd meginreglur Árósasamningsins (samningur um aðgang að upplýsingum, þáttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttátti málsmeðferð í umhverfismálum) í EB-rétt en sú síðari setur á lagðar ktöfur til þess að eiga viðskipti með útstremjshéimildir í samræmi við Kyótó-bókunina.

25 Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagsssvæðið hefur meginmál EES-samningsins lagagildi hér á landi.

26 Sjá nánar aðfararöð EES-samningsins.

Nokkrar tilvísanir til sjálfbærar þróunar eru í íslenskum lögum, t.d. í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og í skulpulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, svo tveir dæmi séu nefnd. Hins vegar er skemmtast frá því að segja að hvorugur þessara lagabálka útskýrir eða fjallar sérstaklega um hvað við er átt og hefðbundin lögskýringargögn eru þögl. Í þessu sambandi verður varð komist hjá því að velja fyrir sér nokkrum spurningum og ein sú áleitnasta er hvort eitthvað hafi raunverulega breyst hér á landi með því að setja í lagatexta tilvísun til sjálfbærar þróunar. Er eini ákvarðana sém byggja á fyrirgreindum lögum með öðrum hætti nú? Einnig kunnar lög að innihalda efnisreglur sém miða að sjálfbærri þróun þótt hún sé ekki sérstaklega nefnd í lagatexta eða í lögskýringargögnum. Að þessu sinni mun ég ekki svara þessum spurningum en hér er á ferðinni verðugt rannsóknarefni sém nauðsynlegt er að gefa gáum.

## 2. Sameiginleg framtíð

### 2.1 Brundand-skýrslan

Brundand-skýrslan kynnt til sögunnar vörumerki 21. aldarinnar: sjálfbæra þróun.<sup>27</sup> Skýrslan kom út árið 1987 og ber heitið: *Sustainable Development, Our Common Future, World Commission on Environment and Development*.<sup>28</sup> Skýrslan var unnin að tilhlutan sérstakrar nefndar, *World Commission on Environment and Development* í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna þar að litandi. Starfið var unnið undir forseti norska stjórnmála- mannsins og fyrirverandi forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundand og er skýrslan oftast kennd við hana og nefnd Brundand-skýrslan.

Í skýrslunni eru rakin helstu umhverfis- og þróunarvandamál heimsins, fjallað um misskiptingu auðs og gæða svo og togstreituna á milli ríkra og

<sup>27</sup> Rétt er að undirstrika að hugmyndarfræðin um sjálfbæra þróun er mun eldri en Brundand-skýrslan. Til dæmis má benda á fræðandi umfjöllun um sjálfbæra þróun hjá fornum menningarsamfélögum í sérstakvæði C. Weeramanatys í *Gabalcovos* Nagymaros mállinu frá 1997, Skýrslur Alþjóðadómstólsins í Haag 1997, bls. 88-199.

<sup>28</sup> Sjá t.d. útgáfu Oxford University Press frá árinu 1987. Eftir því sém best er vitað er Brundand-skýrslan í heild sinni ekki til í íslenskt þýðingu. Hins vegar gaf umhverfisráðuneytið út leiðsögur um skýrsluna á árinu 1991 sém ber heitið: *Sjálfbær þróun. Leiðsögn um nýtt Sameiginleg framtíð* vor sém er skýrsla heimsnefndar Sameinuðu þjóðanna frá 1987 um umhverfis og þróunarmál. Höfundar eru G. G. Lebel og H. Kane. Leiðsögnin byggir á Brundand-skýrslunni en er samt sém áður sjálfstætt rit. A frummállinu heitir bókin: *A Guide to Our Common Future* og er útgefin af Oxford University Press sennilega á árinu 1990 eða 1991.



29 Bruntland-skýrsla, bls. 348-351. Á ensku: Summary of Proposed Legal Principles for Environmental Protection and Sustainable Development adopted by the WCED Expert Group on Environmental Law. Sjá nánar umföllun um tillögurnar hjá J. Ebbesson, bls. 239-240.

30 Bruntland-skýrsla, einkum bls. 1, 9, 16, 24, 46, 51, 64-65 og 309. Hér hefur eg sérstaklega í huga Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnuörkun til 2020, sem var útgáfa 2001, og r.d. nýsamþykka náttúruverndaráætlun, sbr. tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, þskj. 716 sem samþykkt var 28. maí 2004, sbr. þskj. 1842. Loks má nefna að mörg sveitarfélög hér á landi vinna við úrferstu Dagskrár 21 í sérstökum staðardagskrám (Local Agenda 21).

32 Bruntland-skýrsla, r.d. bls. 40.

33 Ibid. einkum bls. 27-65.

34 Ibid., bls. 40. Sjá einnig bls. 43-46. Þyðingin er mín.

Sjálfbær þróun leitast við að mæta þörfum og væntingum nútíðar án þess að stefna í hættu möguleikum til að mæta þörfum framtíðar.<sup>34</sup>

Samkvæmt Bruntland-skýrslunni er kjarni sjálfbærrar þróunar efturfarandi: annars eða þessara hinna.<sup>33</sup> Streitan ræður til sjúms og enginn þátturinn verði uppfylltur nema á kostnað þess að líta á þessa þrjá þætti sem ósættanlegar andstæður þar sem tog- og umhverfislega þætti sem samhent þrjú á leið inn í framtíðina, í stað gripismikla umgjörð sjálfbærrar þróunar að líta á efnahagslega, þjóðfélagslega auðlindir,<sup>32</sup> og er óhætt að segja að aðall Bruntland-skýrslunnar sé sú yfir- vísar til allra mannlægra athafna sem áhrif hafa á umhverfi og nátturu- Sérstaklega er tekið fram í Bruntland-skýrslunni að þróun (development) atvika endurspeglar alþjóðlegar skuldbindingar sem ríki hafa undirgengi. Skilgreindar eru skyldur og réttindi í þessu sambandi. Lögjöfn gertur eftir verið gert hér á landi,<sup>31</sup> og oftast en ekki er þórt á nýrri lögjöfn þar sem aðgerða heima fyrir sem geta kallað á nýja stefnuörkun, sbr. það sem hefur miðum sjálfbærrar þróunar þarft undantekningalítið að gripa til einhverra efni alþjóðlegra samninga er ákvarðað. En svo er ekki. Til þess að ná mark- einungis við í alþjóðlegu samhengi og þegar efni yfirgripsmikilla áætlana eða Við fyrstu sýn mætti setla að hugmyndafærði sjálfbærrar þróunar ætti (objective) og meginregla (principle).<sup>30</sup> er augljóst að sjálfbær þróun er í senn yfirgripsmikil stefna (policy), markmið sér að óvurlegu leyti í Ríó-yfirtýsingu.<sup>29</sup> Samkvæmt Bruntland-skýrslunni reglum alþjóðlegrs umhverfisréttar í lok skýrslunnar sem því miður skuluðu málaflökki og leiðir til úrbóta. Meðal annars eru tillögur að helstu megin- fátækra ríkja. Jafnframt er ákveðinn ramma að stefnu kynntur í hverjum

Serstök áhersla er lögð á tvo grundvallarþætti í skýrslunni. Annar varðar þáttir manna og nauðsýn þess að forgangsráða málefnum sem lúta að mögulegt sé að uppfylla þáttirnar, þeir helstu eru að náttúruauðlindir anna ekki eftirspurn, tæknilegar framfarir eru ekki nógu hraðar, og loks er vakin athygli á ákveðnum vekiðleknum í innri uppbyggingu samfélaga sem minnka getu þeirra til þess að takast á við vandarnal eins og t.d. fátækt.<sup>36</sup>

Í kjarra sjálfbærar þróunar er talin felast krata um jöfnun lífsgeða og möguleika innan hverrar kynslóðar (intra generational equity), sem felst fyrst og fremst í tilfærslu á fjármagni, tækni og þekkingu frá ríkari þjóðum til þeirra þjóða sem minna mega sín, svo og jöfnun á milli kynslóða (inter generational equity), þ.e. sérhver kynslóð ber ábyrgð á því gagnvart framtdótar-kynslóðum að umhverfi og náttúruauðlindir verði í viðunandi ásigkomulagi í fylkingu tímans.<sup>37</sup> Auk þessa viðurkennt sjálfbær þróun að misjafnar skyldur geti verið lagðar á ríki heims, sbr. kjarnann í meginreglu 7 í Rfo-yfirlýsingu um sameiginlega en misjafna ábyrgð ríkja.<sup>38</sup>

Auk fyrirgreinds setur Bruntdand-skýrslan sjálfbærri þróun ákveðin takmörk. Sjálfbær þróun skal eiga sér stað á þann hátt að ekki sé stefnt í hættu vistkerfum og þeim möguleikum sem nátturan og einstakir hlutar hennar hafa til þess að endurnýja sig og aðlagast breytingum í umhverfinu. Einnig verður að taka tillit til þeirrar staðreyndar að margar náttúruauðlindir eru óendurnýjanlegar eða endurnýjunartími þeirra svo geysillangur að engar vitæna merkingu hefur í hugum manna á hverjum tíma. Af þessum sökum m.a. verður að fara varlega við nýtingu náttúruauðlinda.<sup>39</sup> Forsenda áfram-haldandi mannlífs, og að sjálfsögðu alls lífs, eru náttúruauðlindir og umhverfi af ákveðnum gæðum. Augljóst má því vera að þessi galdur, sjálfbær þróun, hefur með veld og nýtingu náttúruauðlinda að gera og hvernig ástand þeirra (magn og gæði) munni hafa áhrif á líf og lífsgeði í framtíðinni.<sup>40</sup>

35 Bruntdand-skýrsla, bls. 43 og yfirlýsingin frá Jóhannesarborg undirtekið þetta enn frekar, sjá nánar kafla 2.3.

36 Bruntdand-skýrsla, bls. 43 et seq.

37 Ibid. bls. 43, sjá einnig útfærslu í Kýfótó-bókuninni. Jafnframt er bent á yfirlýsningu ríkisráðgjafna í „Kynslóðaráæðunum“ og fjallar um allar mikilvægustu skyldurnar við komandi kynslóðir.

38 Sjá loks P. Sands, bls. 252-266.

39 Sjá Alþr. A-déild, 1993-1994, þskj. 1182, bls. 5054. Einnig er bent á umföllun um Kýfótó-bókunina þá Abalheitó Jóhannsdóttur í Alþjóðlegar skyldubindingar um loftslagsbreytingar og íslenskur réttur: Umföllun með áherslu á útsteymsheimildir og viðskipti með þær, einkum bls. 27-28.

40 Bruntdand-skýrsla, bls. 5, 8-9, 17, 27-29, 32-33, 44-45 og passim.

41 Sjá nánar, ibid., bls. 37-41.

Hér er komið að kjarna málsins. Til þess að gera langa sögu stutta stendur stýrt um hvort taka eigi orð Brundland-skýrslunnar bóksaflega og víður-  
kenna að sjálfbærri þróun séu sett svo stítt mörk að ekki megi stefna í hættu-  
vistkerftum og náttúrulegum takmörkum eða hvort mögulegt sé að veita saman-  
efnaðagslega, þjóðfélagslega og umhverfislega þætti og ná samt sem áður  
markmiðum sjálfbærrar þróunar.<sup>41</sup>

Margrit efast um að þetta sé mögulegt enda benda ástandsskýrslur ekki til  
þess að mikill árangur hafi orðið í umhverfis- og þróunarmálum á undan-  
förnum 15 árum, a.m.k. ekki hnatrént séð. Fátækt er t.d. ekki á undanhandi,  
líffræðilegum fjölbreytileika fer eim hrakandi, ástand fiskistofna er óvöð-  
unandi á mörgum hafsvæðum og mannfjöldaspar eru ógnvekjandi: áætlað er  
að fjölgun eigi sér stað allt til ársins 2050 og að jarðarbar varði þá 8,9  
milljarðar.<sup>42</sup> Síðari skilningurinn virðist hafa orðið ofan á í alþjóðlegri  
stefnumörkun, þ.e. ef markka má yfirlýsinguna sem samþykkt var í Jóhann-  
esarborg 2002, sjá nánari umföllun í kafla 2.3.

Þrátt fyrir fyrirgreiðu er ekki ástæða til að álykta sem svo að velja verði  
aðra leiðina og það val utlokið hinar.<sup>43</sup> Vandinn felst hins vegar í því að gera  
sér grein fyrir því hvernær nauðsynlegt er að taka stíttu mörkin bóksaflega og  
í framhaldi af því að ákveða efni stefnumörkunar, ætlanar og loks efni  
löggjafar í því skyni að takmarka mannlægar athafnar.

Hvor nálgunin verður fyrir viliu getur haft áfgerandi áhrif á efni laga og  
bettingu þeirra, þ.e. valið getur beinlínis haft áhrif á þær skilyrði sem lagðar  
eru á einstaklinga og lögaðila. Sama getur átt við um tiltekin réttindi til handa  
einstaklingum og lögaðilum. Einnig verður að hafa hugfast að lög, alþjóðleg  
einstaklingur og lögaðilur, eru ekki í tómarými og tilheyra réttarkerftum þar sem  
ákvæðnar meginreglur gilda og þær hafa mismunandi vægi þegar á reynir.<sup>44</sup>  
Þessar meginreglur eru strangt til tekið ekki hluti af umhverfisrétti en tilvist  
þeirra og beiting getur oft haft útslitáhrif á hvernig tekst til við beitingu

<sup>41</sup> Að þessu verður komið í kafla 3. Til skýringarauka er bent á að hugmyndaræðin um  
sjálfbæra þróun setur manni og hans þarf, í nútíð og framtíð, í brendepil.  
Gagnstæður skól hugmyndar byggir á því að maðurinn og tilvist hans hafi sömu stöðu og  
allt annað líf og er lagt að jöfnu. Sjá t.d. M. Stenmark, bls. 27-129.  
<sup>42</sup> Sjá nánari State of the World 2000, bls. 5, og E. O. Wilson, bls. 264-266 og passim, svo  
og skýllin frá Jóhannesarborg, sbr. nánari umföllun í kafla 2.3. Einnig er bent á markmið  
EB í umhverfismálum sem endurspeglar þann vanda sem fallinn er vera fyrir hendu, sbr.  
sjóttu umhverfissáttuðun EB, á ensku: Sixth Community Environment Action Programme,  
sbr. ákvæðun nr. 1600/2002/EB.  
<sup>43</sup> Sjá nánari kafla 3.2 og 3.8.  
<sup>44</sup> Hér má nefna meginreglur stjórnvissvæðingar að ögleyndum ýmsum sjónarskrárvörðum  
réttindum. Til viðbótar er vert að hafa í huga ýmis sjónarmið og meginreglur sem líta að  
lögskiptingum.

reglna sem varða umhverfis- og náttúruvernd, þ.e.s. ef umhverfis- og náttúruvernd er í fyrirrúmi.<sup>45</sup>

## 2.2 Ráðstefnan í Río de Janeiro

Brúntand-skyrslunni var fylgt eftir á Río-ráðstefnunni sem haldin var í Brasília 1992<sup>46</sup> m.a. með samþykkt Río-fyrirlýsingarinnar. Einnig var samþykkt aðgerðaráætlun fyrir 21. öldina, Dagskrá 21 (Ágenda 21),<sup>47</sup> yfirlýsing um sköga og skrifað undir tvo fjölpjölegu samninga; ramma-samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samning um líffræðilega fjölbreytni.<sup>48</sup> Þótt Río-yfirlýsingin hafi ekki stöðu þjóðréttar-samnings eru flestir samþála um að hún hafi haft mikil áhrif á þróun umhverfisstéttar, sérstaklega á þróun alþjóðlegs umhverfisstéttar. Má m.a.

<sup>45</sup> Frægt dæmi má nefna úr réttarfræðingum Bandalríkjanna sem varðaði lög um tegundir í

útymingargættu (Endangered Species Act 16 U.S.C. § 1531 er seq., upphaflega samþykkt árið 1973) eða Snail Darter-málið frá 1978. Í hnotskun snérist málið um túlkun tiltekna ákvarðis í lögunum sem verndaði búsvæði tegunda í útymingargættu, í þessu tilviki búsvæði smáavaxins slungu (Snail Darter), og hins vegar ákvörðun sem byggði á sömu lögunum og lýst tegundina í útymingargættu. Búsvæðið er tiltekinn hluti á (Little Tennessee River) sem stöð til að stíla en við þá aðgerð hefur búsvæðið eyðilagst og tegundin dáið út. Ákvarðið var fortakslust en því var m.a. haldið fram að það ætí ekki við þar sem fræðingurinn var komur langt á veg þegar tegundin uppgvöðaðist og lýst að henni yrði útrým eftir þar heldu áfram. Fræðingurinn, sem voru afar kostnaðarsamar og greiddar af almannafé, og var að nuki reit að komu tiltekna uppbýggingarstefnu stöfvalda til fræðingurinn að svæðinu, voru stöðvaðar af Hæstarétti Bandaríkjanna. Í stuttu máli má segja að tvö meginþættir hafi vegið á í málinu: annars vegar niðurstæða sem byggði á ríkt kröfu þess efnis að taka bætt tillit til þeirra fjárhagslegru verðmæta sem í hafi voru og hins vegar túlkun samþættingar orðanna hljóðan sem í raun fól í sér arturvalkni þar sem heimildinni til að lýsa tegundina í útymingargættu var bætt löngu eftir að fræðingurinn hafi verið höfust og þegar þær voru komur vel áleiðis. Hins vegar voru lögskrifingargættu misvísandi og erftit var að sjóna fram á að villi lögskrifans hefði stöð til þess að mögulegt væri að gera undantekningar og vegar bætt saman efnahagslega hagsmunum og þá sem vörðugu náttúruvernd. Tennessee Valley Authority gegn Hill, 437 U.S. 153 (1978). Vegna þessar niðurstæðu var lögunum breytt á þann veg að nú er mögulegt að veita undanþágur í ákveðnum tilvikum. Niðurstæðan í málinu hefur orðið tilefni til umföllunar hjá mörgum fræðingum, t.d. R. Dworkin, en hann gagnrýnt niðurstæðu málsins í bók sinni Law's Empire og er gagnrýni hans einum beint að aðferðarfræðingum sem notuð var við lögskrifingarnar en hans sköpun er sú að fortakslust fríðun tegundarinnar réttætti ekki þá fjárhagslegu rökun sem varð vegna þess að hætt var við fræðingurinnar. Sjá nánar R. Dworkin, einl. bls. 20-23 og 345-347. Einnig er bent á umföllun um sama mál hjá K. Kuusisto, bls. 290-293.

<sup>46</sup> Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Río de Janeiro. Á ensku: The United Nations Conference on Environment and Development.

<sup>47</sup> Sjá mgr. 14.

<sup>48</sup> Sjá nánar umföllun um ráðstefnuna í Heimstráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, Río de Janeiro, 3.-14. júní 1992, einl. bls. 17-25. Sjá einnig mgr. 9.

nefna að nokkrir alþjóðlegir samningar vísa beinlínis í einstakar greinar (meginreglur) yfirlýsingartímar í efnisákvæðum sínum og þær eru útfærðar á þann hátt í viðkomandi samningum að skilgreind eru ný réttindi eða nýjar skyldur ríkja<sup>49</sup> og í nokkrum tilvikum er víkið beint að réttindum einstaklinga og félagsasamtaka.<sup>50</sup> Sama er að segja um Dagskra 21 en nokkrir nýir og nýlegir alþjóðlegir samningar vísa á stundum beint til tiltekna markmiða Dagskrartímar í aðfaraorðum samninganna sem er ætlað að koma einstökum markmiðum sjálfbærrar þróunar til framkvæmda.<sup>51</sup>

Í þessu samhengi er nauðynlegt að hafa í huga að staða einstakra meginreglna RÍO-yfirlýsingartímar er mismunandi að þjóðarétti. Ekki er nokkur vafi á því að meginregla 2 um fullveldisrétt ríkja til þess að nýta náttúruauðindir sínar í samræmi við eigin stefnu í umhverfis- og þróunarmálum, svo og skylda ríkja til að tryggja að startsemi innan lögsögu þeirra eða undir þeirra stjórn valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu ríkja, hefur stöðu þjóðréttarvenju.<sup>52</sup> Hins vegar er lagaleg staða varuðarréglunnar<sup>53</sup> enn undeild þótt henni vaxi fiskur um hrygg, t.d. í alþjóðlegum umhverfisstétt,<sup>54</sup> og það sama á við greiðsluregluna (menngunar- bótaregla).<sup>55</sup> Á hit ber að líta að margar reglur yfirlýsingartímar eru orðaðar á þann hátt að í þeim felast einungis almenn markmið eða ósk um æskilegt ástand. Fræðimenn hafa samt sem áður lagt á það áherslu að líta verði á RÍO-yfirlýsinguna sem heild í þeirri víðleitni að stuðla að sjálfbærri þróun.<sup>56</sup> Rétt er að taka undir þessa skoðun þótt ljóst megi vera að tilvist yfirlýsingartímar

49 Sjá t.d. 1. gr. svokallaðar „Biosafety bokunar“ (Cartagena Protocol on Biosafety to the Convention on Biological Diversity) og efnisreglur bokunartímar í heild sinni.

50 Sjá meginreglu 10 í RÍO-yfirlýsingunni og útfærslu í samningi um aðgang að upplýsingum, umhverfismálum (Árósasamningur). Sjá nánar Alþr. 2000-2001, þskf. 1032, bls. 4330-4358.

51 Sjá t.d. samning um framkvæmd ákvæða Hafaréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun delisstofna og viðföruilla fiskisstofna og stjórnun veiða úr þeim (úthafsvæðisamningur) og tilvísanir til Dagskrár 21 í aðfaraorðum hans. Auglýsing nr. 8/1997 í C-deild Sjórnartínda.

52 Sjá t.d. 3. gr. samnings um líffræðilega fjölbreytni. Sjá umföllun um þróun og grundvöll þessrar reglu hjá N. Schriver, bls. 120-142. Einnig má benda á almenna umföllun hjá P. Sands, bls. 54-55.

53 Sjá meginreglu 15. Alþr. A-deild, 1993-1994, þskf. 1182, bls. 5055. Sjá einnig *Adalheiti Jóhannsdóttur: Not Business as Usual. Study of the Precautionary Principle*, bls. 5-7, og t.d. P. Sands, bls. 266-279.

54 Hér má t.d. nefna sameinuð mál nr. 3. og 4 hjá Hafaréttardómstólum: Southern Bluefin Tuna-málið, beðni um bráðabirgðarástafanir, 1999, <http://www.litlos.org/start2-2-en.html>. Sjá einnig 174. gr. EB-samningsins og t.d. mál C-157/96 [1998] ECR I-2211.

55 Sjá t.d. P. Sands, bls. 279-281.

56 Sjá t.d. A. Boyle og D. Freestone, bls. 3 et seq.

leysi ekki vanda sjálfbærar þróunar þegar lög og efní þeirra er haft í huga. Áð því marki sem lög eru nauðsynleg til þess að koma sjálfbærri þróun til framkvæmda eru það efnisreglurnar sem skipra mestu máli. Í þeim eru réttindi og skyldur skilgreind. Efní þeirra veltur m.a. á því hvernig hugtakið sjálfbær þróun er skýrt.

Áð lokum er minnt á að við fjölpjöðlega samninggerð er ströðan oft sú að einungis tekst að koma í texta „lágmarks vilja“ ríkjanana, ef svo ma að orði komast. Ef lengra er gengið er hætra á að tiltekin ríki gerist ekki aðilar að viðkomandi samningi eða fullgildi hann seint eða alls ekki eins og þæmin samna.<sup>57</sup> Óþarfi er að tunda ahléiðingarnar fyrir umhverfis- og náttúruvernd. Efnahagslegur ávinningur kann hins vegar að verða mikill, a.m.k. til skamms tíma lítið ef ríki ákveða að undirgangast ekki skyldur sem eiga rót sína að rekja til alþjóðlegrar samninggerðar og setlað er að stuðla að umhverfisvernd.

### 2.3 Ráðstefnan í Jóhannesarborg

Tíu árum eftir Ríó-ráðstefnuna, eða haustið 2002, var enn haldin ný ráðstefna og nú í Jóhannesarborg í Suður-Afríku. Þar var farið yfir stöðu mála og samþykkt ný aógerðaráætlun<sup>58</sup> til viðbótar við Dagskrá 21. aldarinnar og einnig sérstök yfirlýsing: Jóhannesarborgar-yfirlýsingin um sjálfbæra þróun.<sup>59</sup> Yfirlýsingin er nokkuð frábrugðin Ríó-yfirlýsinguinni sem komið var að í kafla 2.2 og inniheldur ekki reglur en sver sig meira í ætt við almenna stefnumörkun. Í yfirlýsinguinni er megináherslan lögð á að uppræta fátækt og byggt er á þeim grunni sem lagður var í Ríó 1992.<sup>60</sup>

Ólíklegt er að vægi yfirlýsingarinnar frá Jóhannesarborg verði mikið lagalega séð en vissulega er hær á ferðinni alþjóðleg stefnumörkun og ákveðin forgangsröðun sem ríki heims breyta í lagareglur (réttindi og skyldur) ef þau telja slíkt nauðsynlegt. Hins vegar eru markmiðin mörg og segja má að Jóhannesarborgar-yfirlýsingin og aógerðaráætlunin, staðfesti ákveðinn skilning á hugtakinu sjálfbær þróun, þ.e. að vegna þeri saman efnahagslega, þjóðfélagslega og umhverfislega þætti en ekki nauðsynlega innan þeirra

57 Sbr. t.d. atstöðu Bandaríkjana til Kýóto-bókunarnar. Einnig má nefna sögulegt dæmi sem varðar gildiðstöku Haftrétarsamningsins en hann tók gildi 12 árum eftir að texti hans var samþykktur en einungis eftir að gerður var sérstakur samningur um framkvæmd XI. hluta Haftrétarsamningsins.  
58 World Summit on Sustainable Development Plan of Implementation. Sjá: www.un.org/esa/sustdev/ documents/WSSD\_POI\_PD\_English/POItoch.htm, heimsótt 6. ágúst 2004.  
59 Sjá amgr. 11.  
60 Sbr. t.d. líði 7, 8 og 10 í yfirlýsinguinni frá Jóhannesarborg.

marka sem nefnd voru framfar í kafla 2.1, sbr. t.d. lið 5 í yfirlýsingu. Þó er auðlinda fari hrakandi og að náttúruauðlindir séu forsenda efnahagslegrar- og margsinnis vöðukennt í skjólunum frá Jóhannesarborg að ástand náttúru- og þjóðfélagslegrar þróunar.<sup>61</sup>

Megninþema ráðstefnunnar í Jóhannesarborg var baráttan gegn fátækt eins og áður sagði en það gefur stefnuorkuninni að vissu leyti staðbundid gildi þótt einnig megi finna almennar skattekortar í báðum skjólunum. Til dæmis eru ríki heims hvött til að fallgilda alþjóðlega samninga sem þegar hafa verið samþykktur.<sup>62</sup> Jafnframt eru þau minnt á nauðsyn laga í þeirri viðleitni að styrkja sjálfbæra þróun heima fyrir og er sérstaklega vikið að þeirri kröfu að lög séu skilvirki.<sup>63</sup>

### 3. Kenningar og skýringar fræðimanna

#### 3.1 Inngangur

Í þessum kafla verða kynntar til sögunnar skýringar nokkurra fræðimanna á hugtakinu sjálfbær þróun. Eins og ég vék að í upphafi eru sjónarhorn þessara fræðimanna ekki alltaf þau sömu þótt allir rannsakir þeir hugtakið sjálfbæra þróun og tengi það beint eða óbeint við lög og forsendur laga- setningar. Þó er næsta vist að einhverri lærdóm má draga af umfjölluninni, m.a. við undirbúning nýrrar löggjafar og við beitingu laga á sviði umhverfis- réttar.

